

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. janúar 2022
Tilvísun: 202112-0030
SS
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu smábátahafnar við Brjánslæk.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 10. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort tilkynnt framkvæmd Hafnarsjóðs Vesturbyggðar um smábæjarhöfn við Brjánslæk eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun telur að sú tillaga sem hafi orðið fyrir valinu (tillaga 2) sé líklegust til að valda minnstu raski á fjörusvæðum af þeim þremur tillögum sem voru til skoðunar, en þótt umhverfi Brjánslækjarhafnar sé töluvert raskað eru enn lítt snortnar þangfjörur bæði norðan og sunnan við hafnarsvæðið. Ljóst er þó að gerð 123 metra langs grjótgarðar mun valda raski á grunnsævisbúsvæðum þörungum og sjávardýra. Ekki er þó um mjög stórt svæði að ræða og er það þegar undir álagi vegna nálægðar við núverandi höfn.

Framkvæmdin er innan friðlands Breiðafjarðar og taka þarf fullt tillit til þess á framkvæmdatíma og m.a. koma í veg fyrir allt óþarfa rask sem gæti haft áhrif á lífríki svæðisins. Til dæmis ætti að forðast framkvæmdir á varptíma fugla, sérstaklega þegar t.d. æðarfuglar með unga eru á svæðinu. Þá þarf að tryggja mengunarvarnir þ.m.t. gegn gruggmengun. Jákvaett er að smábátahöfninni sé valinn staður við núverandi höfn þar sem náttúru hefur verið raskað frekar en að velja nýtt svæði á öröskuðum stað innan friðlandsins. Mikilvægt er að huga að áhrifum af rekstri smábátahafnar á lífríki svæðisins. Skoða þarf hvort og hvernig aukin umferð smábáta samræmist t.d. reglum um friðland í Vatnsfirði sem og friðlýsingu Breiðafjarðar almennt. Ekki kemur fram hvað það sé áætlað að margir bátar nýti smábátahöfnina. Viðkvæm búsvæði eins og selalátur, varpsvæði hafarnar og fleiri fuglategunda og fjörusvæði sem eru viðkomustaðir farfugla eru í Vatnsfirði og næsta nágrenni.

Að því sögðu er umfang og áætlað rask af framkvæmdinni ekki þess eðlis að Náttúrufræðistofnun telji þörf á að framkvæmdin þurfi að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



